

Fjallskilanevnd Víðdælinga kom saman til fundar þann 7.júlí 2015 kl. 20:30 í Stórhóli.

Formaður stýrði fundi og Júlíus skrifaði fundargerð.

1. Fyrir liggur að tekin hefur verið ákvörðun um að falla frá flýtingu gangna haustið 2015 af hálfu fjallskilanevndar Grímstungu- og Haukagilsheiðar. Því liggur fyrir að göngur hefjast 7.september og réttað verður dagana 11. og 12.september nk.
2. Umræða um að flýta skyldusmalamennsku um viku og var samþykkt að stefna að því en ákvörðun um seinni göngur bíði álagningarfundar.
3. Farið yfir framtalið fjallskilaskyrt búfé. Auðséð að í einhverjum tilvikum er tölu hrossa ábótavant. Nauðsynlegt að farið verði yfir tölur í samráði við sveitarskrifstofu.
4. Rætt um framkvæmdarþörf og forgangsröðun verkefna. Stefnt að því að mála Víðidalstungurétt auk almenns viðhalds. Framkvæmdir við skála verða takmarkaðar þar sem fjárveitingar eru ónógar. Ástand skoðað og ákvörðun tekin um verkefni við árlega standsetningu skála og hólfa. Rætt um viðhald vega, þörf á endurnýjun á ræsi á milli Kolugils og Hrappsstaða, ákveðið að kanna möguleika á sér fjárveitingu til uppgreftrar á vegskurði við Hvarfsvísl. Nauðsynlegt að markvisst verði unnið að því að ná veginum upp frá yfirborði lands.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Júlíus Guðni Antonsson

Sigtryggur Sigurvaldason

Marianna Eva Ragnarsdóttir